

# Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

## Ársreikningur 2018

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Markmið samtakanna varða atvinnu-, efnahags-, mennta- skipulags-, samgöngu-, og félagsmál. Einnig að stuðla að aukinni samvinnu sveitarfélaga á Vesturlandi og víðtækari þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður samtakanna á árinu 5,7 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2018 samkvæmt efnahagsreikningi nam 63,8 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðra breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu níu starfsmenn hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi í 6,6 ársverkum, laun og launatengd gjöld á árinu námu 77,3 millj. kr. Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra 15,5 millj. kr.

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru tíu en þau eru; Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 20. mars 2019.

Í stjórn samtakanna:

Ólafur Jónsson

Ayja Björnsdóttir

Björgunn Helguson

Bára Dáseadóttir

Eyjólfur Ingi Björnason

Sif Mattkuusdóttir

Þórunn Helguson

Einert Braundsson

Ólafur Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Jónsson

Rauðf. Þorjónsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og aðila að samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2018 og afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 20. mars 2019

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun 2018	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga .....	10	32.174.050	31.632.850	31.646.050
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga .....		32.636.357	30.250.313	30.626.403
Framlag Byggðastofnunar .....		23.220.000	22.879.620	22.431.000
Styrkir vegna sérverkefna .....	12	1.978.025	0	11.904.913
Tekjur atvinnuráðgjafar .....		5.608.860	6.000.000	1.115.500
Sóknaráætlun vegna menningarfulltrúa .....		7.589.265	7.500.000	7.141.257
Sóknaráætlun vegna þjónustusamnings .....	15	11.417.961	10.950.000	7.000.000
Aðrar tekjur .....		13.241.439	15.390.936	14.408.815
	2	<u>127.865.957</u>	<u>124.603.719</u>	<u>126.273.938</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	13	77.257.923	87.796.116	72.297.792
Annar rekstrarkostnaður .....	14	27.561.496	28.369.178	21.803.536
Rekstrargjöld vegna Sóknaráætlunar .....	15	5.039.582	0	10.857.386
Framlög vegna atvinnuþróunar .....	16	5.700.000	5.700.000	5.700.000
Afskriftir .....	4,18	1.473.733	2.550.000	2.163.513
		<u>117.032.734</u>	<u>124.415.294</u>	<u>112.822.227</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....</b>				
		10.833.223	188.425	13.451.711
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur og arður .....		788.673	211.000	688.429
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur .....		( 250.592)	0	( 255.171)
		<u>538.081</u>	<u>211.000</u>	<u>433.258</u>
Áhrif hlutdeildarfélags .....	19	( 5.680.215)	0	( 2.881.683)
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi .....</b>		5.691.089	399.425	11.003.286
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi .....	3,17	0	0	( 1.688.787)
<b>Hagnaður ársins .....</b>	25	<u>5.691.089</u>	<u>399.425</u>	<u>9.314.499</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Eignir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	18	26.391.844	27.865.577
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	19	500.000	500.000
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs.....	20	10.432.764	0
Fastafjármunir alls	4,5	<u>37.324.608</u>	<u>28.365.577</u>
Viðskiptakröfur.....	7,2	8.953.247	7.969.170
Ýmsar skammtímakröfur.....		3.507.070	2.912.449
Óinnheimtar tekjur vegna Sóknaráætlunar.....	15	74.750.584	17.034.778
Næsta árs gjaldf. v. Brúar lífeyrissjóðs .....	20	400.841	0
Handbært fé.....	22	52.111.715	103.427.531
Veltufjármunir alls		<u>139.723.457</u>	<u>131.343.928</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>177.048.065</u>	<u>159.709.505</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Eiginfjárreikningur .....	25	<u>63.760.553</u>	<u>58.069.464</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldbindingar vegna hlutdeildarfélags .....	5,19	<u>8.061.898</u>	<u>2.381.683</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldabréfalán .....	23	<u>2.563.600</u>	<u>3.664.000</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Óúthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar .....	15	43.630.150	26.086.519
Ógreiddir styrkir og kostnaður vegna sóknaráætlunar .....	15	47.745.833	53.013.500
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir .....		10.185.631	15.393.939
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	23	1.100.400	1.100.400
		<u>102.662.014</u>	<u>95.594.358</u>
Skuldir samtals		<u>113.287.512</u>	<u>101.640.041</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>177.048.065</u>	<u>159.709.505</u>
Eignir utan efnahagsreiknings .....	24		

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....	25	5.691.089	9.314.499
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir fastafjármuna .....	4,18	1.473.733	2.163.513
Afkoma hlutdeildarfélags .....	19	5.680.215	2.881.683
		<u>12.845.037</u>	<u>14.359.695</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, (hækkun) lækkun .....	(	59.695.345)	66.136.751
Skammtíma skuldir, hækkun (lækkun) .....		7.067.656	( 22.865.841)
Fyrirframgreiðsla v. uppgjors við Brú, breyting .....	(	10.432.764)	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(	63.060.453)	43.270.910
		<u></u>	<u></u>
Handbært fé (til) frá rekstri	(	50.215.416)	57.630.605
		<u></u>	<u></u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		0	( 264.000)
Fjárfestingarhreyfingar		0	( 264.000)
		<u></u>	<u></u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Afborganir langtímalána .....	(	1.100.400)	( 1.100.400)
Fjármögnunarhreyfingar	(	1.100.400)	( 1.100.400)
		<u></u>	<u></u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>	(	51.315.816)	56.266.205
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		103.427.531	47.161.326
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>52.111.715</u>	<u>103.427.531</u>



## Rekstraryfirlit Iðnþróunarsjóðs Vesturlands árið 2018

---

<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Vaxtatekjur .....	34.316	41.521
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður .....	( 7.549)	( 8.304)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins .....</b>	<u>26.767</u>	<u>33.217</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

---

<b>Eignir:</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Bankainnistæður .....	2.125.968	2.099.201
<b>Eignir samtals</b>	<u>2.125.968</u>	<u>2.099.201</u>
<b>Eigið fé:</b>		
Flutt frá fyrra ári .....	2.099.201	2.065.984
Rekstrarniðurstaða ársins .....	26.767	33.217
<b>Eigið fé samtals</b>	<u>2.125.968</u>	<u>2.099.201</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðastliðnu ári.

### 2. Innlausn tekna

Árgjald samtakanna er tekjufært á grundvelli samnings sveitarfélaga sem að samtökunum standa og byggir á fastagjaldi og gjaldi miðað við íbúafjölda. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

### 3. Aflögð starfsemi

Í þeim tilfellum sem SSV hættir starfsemi sem aðgreinanleg er frá áframhaldandi starfsemi samtakanna er gerð grein fyrir áhrifum þess í ársreikningi. Mat á því hvenær rekstrareining telst vera aflögð er þegar ákvörðun hefur verið tekin um yfirfærslu reksturs eða sölu einingar. Þegar starfsemi hefur verið skilgreind sem aflögð er samanburðartölum rekstrar breytt eins og að starfsemi hafið verið aflögð í upphafi samanburðartímabils. Á árinu 2017 yfirtók NVB ehf. umsjón með framkvæmd sérverkefnis byggðu á samningi milli Vegagerðarinnar og SSV um skipulagningu almenningsamgangna innan Vesturlands og á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins.

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign .....	50 ár
Bifreið .....	5 ár
Húsbúnaður .....	5 ár

### 5. Eignarhlutir í félögum og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðyrnunar þeirra. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í afkomu samkvæmt hlutdeildaraðgerð. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð er bókfærða verðið fært í núll. Færslu frekara taps er þá hætt nema samtökin hafi gengist í ábyrgðir fyrir félagið. Hafi samtökin gengist í ábyrgðir fyrir tapi er færð upp skuldbinding sem ábyrgðinni nemur.

### 6. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

### 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samtakanna. Viðskiptakröfur í árslok 2018 eru færðar niður um 0,5 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

### 8. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2018 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

## Skýringar, frh.:

### 9. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 6,3 millj. kr. í árslok 2018 og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 10. Handbært fé

Bankainnistæður teljar til handbærs fjár.

### 11. Árgjöld til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Sveitarfélag	2018		2017	
	Íbúar	Kr.	Íbúar	Kr.
Akraneskaupstaður.....	7.259	12.512.350	7.051	12.169.150
Hvalfjarðarsveit .....	648	1.604.200	636	1.584.400
Skorradalshreppur .....	56	627.400	58	630.700
Borgarbyggð .....	3.745	6.714.250	3.677	6.602.050
Eyja- og Miklaholtshreppur .....	129	747.850	120	733.000
Snæfellsbær .....	1.641	3.242.650	1.625	3.216.250
Grundarfjarðarbær .....	877	1.982.050	869	1.968.850
Helgafellssveit .....	58	630.700	55	625.750
Stykkishólmsbær .....	1.177	2.477.050	1.168	2.462.200
Dalabyggð .....	667	1.635.550	678	1.653.700
	<u>16.257</u>	<u>32.174.050</u>	<u>15.937</u>	<u>31.646.050</u>

#### 2018

Fastagjald 535.000 kr. x 10 sveitarfélög

Íbúagjald 1.650 kr. x 16.257 íbúar

### 12. Styrkir vegna sérverkefna

	2018	2017
Styrkur vegna almenningssamganga .....	1.228.025	2.202.000
Styrkur vegna Bíodísil-verkefnis .....	750.000	750.000
Byggðastofnun vegna byggðapróunarverkefnis .....	0	2.500.000
Styrkur frá Jöfnunarsjóði vegna Sóknaráætlunar .....	0	3.952.913
Styrkur vegna Gestastofu .....	0	500.000
Styrkur vegna verkefnastjórnunar .....	0	2.000.000
	<u>1.978.025</u>	<u>11.904.913</u>

### 13. Laun og launatengd gjöld

Laun atvinnuráðgjafa .....	30.945.672	29.146.192
Laun annarra starfsmanna .....	32.897.818	29.053.225
Laun stjórnar og nefnda .....	4.667.590	3.248.540
Reiknað áunnið orlof sbr. skýringu 7, breyting .....	844.522	125.039
Móttframlag í lífeyrissjóð .....	8.208.771	7.622.737
Tryggingagjald .....	5.564.666	5.052.226
Önnur launatengd gjöld .....	1.287.846	1.305.323
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs .....	400.841	3.554.850
Tryggingar starfsfólks .....	197.402	195.210
Hlutdeild Vesturlandsstofu í launakostnaði .....	( 6.305.000)	( 5.500.000)
Hlutdeild Vinnuálastofnunar í launakostnaði .....	( 1.452.205)	( 1.505.550)
	<u>77.257.923</u>	<u>72.297.792</u>
Laun vegna sóknaráætlunar (sbr. skýringu 15.) .....	2.021.930	6.233.856
Launatengd gjöld vegna sóknaráætlunar (sbr. skýringu 15.) .....	500.850	1.367.851
	<u>2.522.780</u>	<u>7.601.707</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>79.780.703</u>	<u>79.899.499</u>

**14. Annar rekstrarkostnaður**

<b>Húsnæðiskostnaður:</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Viðhald húss og búnaðar .....	128.394	1.626.382
Rafmagn .....	161.425	165.342
Vátryggingar .....	156.602	141.383
Fasteignagjöld .....	751.092	747.183
Húsgjöld .....	717.925	717.925
Húsaleiga .....	420.000	322.500
Hreinlætisvörur .....	35.136	60.806
Hlutdeild Verkís hf. í rekstrarkostnaði .....	( 522.398)	( 427.200)
<b>Húsnæðiskostnaður alls .....</b>	<b>1.848.176</b>	<b>3.354.321</b>
<b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:</b>		
Aðkeypt þjónusta .....	9.468.793	6.172.161
Fundir, ráðstefnur og ferðakostnaður .....	2.404.159	2.287.899
Bifreiðastyrkir .....	6.002.920	4.728.130
Dagpeningar .....	4.079.916	3.679.097
Smááhöld, tæki, skrifstofuvörur og tölvuforrit .....	630.142	668.104
Sími og burðargjöld .....	1.161.660	1.228.981
Pappír, prentun og ritföng .....	140.272	16.787
Auglýsingar .....	419.041	203.548
Önnur framlög .....	423.100	281.010
Rekstur eigin bifreiða .....	214.696	604.843
Bækur, blöð og tímarit .....	236.110	263.532
Veggjald vegna Hvalfjarðarganga .....	39.200	36.854
Kaffistofa .....	483.670	304.898
Viðhald skrifstofuáhalda .....	528.476	175.906
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur .....	222.794	( 763.031)
Annar kostnaður .....	1.181.265	658.936
Endurgreitt vegna útlagðs kostnaðar .....	( 444.997)	0
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls .....</b>	<b>25.713.320</b>	<b>18.449.215</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals .....</b>	<b>27.561.496</b>	<b>21.803.536</b>

## 15. Sérverkefni

### Sóknaráætlun

Samkvæmt samningi sem gerður var við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, umsjónar- og framkvæmdaaðili Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2015 til 2019. Í samningnum er kveðið á um að verkefni sóknaráætlunar séu þrjúþætt:

- Starfrækja Uppbyggingarsjóð Vesturlands sem veitir styrki til nýsköpunar í atvinnulífi og menningarmála. Sjóðurinn kom í staðinn fyrir menningarsamning og vaxtarsamning sem höfðu þetta hlutverk áður.
- Setja af stað áhersluverkefni fyrir landshlutann sem eru n.k. átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála og hafa beina skírskotun til Sóknaráætlunar Vesturlands.
- Vinna stefnu og framtíðarsýn fyrir Vesturland til næstu ára.

Í samræmi við samning um Sóknaráætlun Vesturlands eru 7 millj. kr. færðar til tekna í rekstri SSV til að mæta kostnaði við framkvæmd samningsins. Óúthlutaðir verkefnastyrkir eru færðir til skuldar í efnahagsreikningi.

Framlög:	2018	2017
Framlög frá ríkissjóði .....	111.715.806	83.715.806
Framlög frá sveitarfélögum .....	12.192.750	11.946.750
Vaxtatekjur (nettó) .....	21.551	60.094
	123.930.107	95.722.650
<b>Úthlutanir ársins:</b>		
Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir .....	26.054.500	25.860.000
Stofn- og rekstrarstyrkir .....	5.900.000	7.100.000
Menningarstyrkir .....	24.825.000	21.700.000
Áhersluverkefni .....	12.180.211	17.099.765
Öndvegisverkefni .....	0	15.500.000
Víðauki við Sóknaráætlunarsamning v/ Vínlandsseturs .....	30.000.000	0
Annar rekstrarkostnaður vaxtarsamnings .....	7.000.000	7.000.000
Framlag vegna reksturs menningarfulltrúa .....	7.589.265	7.141.257
Úthlutun styrkja (niðurfelldir) .....	( 7.162.500)	( 1.050.000)
	106.386.476	100.351.022
(Úthlutað frá fyrri árum) til úthlutunar á næsta ári .....	17.543.631	( 4.628.372)
Óúthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar í upphafi árs .....	26.086.519	30.714.891
(Úthlutað frá fyrri árum) til úthlutunar á næsta ári .....	17.543.631	( 4.628.372)
Óúthlutað samtals í árslok	43.630.150	26.086.519
Óinnheimtar tekjur vegna Sóknaráætlunar .....	74.750.584	17.034.778
	74.750.584	17.034.778
Ógreiddir styrkir vegna Sóknaráætlunar .....	42.149.833	48.917.500
Ógreiddur kostnaður vegna Sóknaráætlunar .....	5.596.000	4.096.000
Ógreiddir styrkir og kostnaður vegna Sóknaráætlunar	47.745.833	53.013.500

## Skýringar, frh.:

### 15. Sérverkefni, frh.

#### Sóknaráætlun

##### Laun:

	2018	2017
Laun menningarfulltrúa .....	0	5.313.686
Laun stjórnar .....	2.021.930	920.170
Áfallið orlof, breyting .....	( 279.040)	4.194
Tryggingagjald .....	328.082	553.238
Lífeyrissjóður .....	448.076	803.902
Önnur sjóðagjöld .....	3.732	6.517
	<u>2.522.780</u>	<u>7.601.707</u>

##### Annar kostnaður:

Dagpeningar .....	280.000	291.200
Ökutækjastyrkur .....	821.700	995.170
Aðkeypt þjónusta .....	548.120	573.850
Auglýsingar .....	353.192	998.659
Funda- og ferðakostnaður .....	337.294	156.300
Annar kostnaður .....	176.496	240.500
	<u>2.516.802</u>	<u>3.255.679</u>

Rekstrargjöld vegna sóknaráætlunar alls .....

	<u>5.039.582</u>	<u>10.857.386</u>
--	------------------	-------------------

### 16. Framlög vegna atvinnuþróunar

	2018	2017
Rekstrarstyrkur til Vesturlandsstofu ehf. ....	5.700.000	5.700.000
	<u>5.700.000</u>	<u>5.700.000</u>

### 17. Aflögð starfsemi

Rekstur og Umsjón verkefnisins "efling almenningsamgangna" var í lok september 2017 fært í félagið NVB ehf. Samhliða yfirfærslu var hlutafé félagsins aukið og tveir nýjir hluthafar komu að félaginu. (Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi greinist þannig:

#### (Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi:

Tekjur almenningsamganga .....	0	242.299.190
Gjöld almenningsamganga .....	0	( 243.987.977)
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi .....	<u>0</u>	<u>( 1.688.787)</u>

#### Sjóðstreymi aflagðrar starfsemi

Handbært fé frá rekstri .....	0	( 3.946.720)
Krafa á hlutdeildarfélag, breyting .....	0	3.946.720
Lækkun á handbæru fé ársins .....	<u>0</u>	<u>0</u>

## Skýringar, frh.:

### 18. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreiðar	Búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2018.....	36.241.051	8.187.750	4.463.895	48.892.696
Afskrifað áður .....	( 12.688.756)	( 5.661.360)	( 2.677.003)	( 21.027.119)
Bókfært verð 1.1.2018.....	23.552.295	2.526.390	1.786.892	27.865.577
Afskrifað á árinu .....	( 724.821)	( 404.768)	( 344.144)	( 1.473.733)
Bókfært verð 31.12.2018.....	22.827.474	2.121.622	1.442.748	26.391.844
Heildarverð 31.12.2018.....	36.241.051	8.187.750	4.463.895	48.892.696
Afskrifað samtals 31.12.2018.....	( 13.413.577)	( 6.066.128)	( 3.021.147)	( 22.500.852)
Bókfært verð 31.12.2018.....	22.827.474	2.121.622	1.442.748	26.391.844
Afskriftahlutföll.....	2%	20%	20%	

Fasteignamat húsnæðis og lóðar nam 29,7 millj. kr. í árslok 2018 er brunabótamat 84,0 millj. kr.

### 19. Áhættufjármunir

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhaldsfélagið Spöluur hf. ....	0,6%	500.000	500.000
Vesturlandsstofa ehf.....	100%	6.000.000	0
Eignarhlutir í öðrum félögum í árslok .....		6.500.000	500.000

Eigið fé Vesturlandsstofu ehf. skv. ársreikningi 2018 var um 1,3 millj. kr.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum félögum greinist þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Fært í rekstrarreikning
NVB ehf.....	33,3%	500.000	( 8.061.898)	( 5.680.215)

### 20. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarsambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

## Skýringar, frh.:

### 20. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs, frh.

Í upphafi árs 2018 barst Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Menningarráði Vesturlands uppgjör vegna hlutdeildar þeirra í framangreindu framlagi til Brúar lífeyrissjóðs. Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 14.789.296 kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Skipting þess er eftirfarandi:

- 3.321.026 kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið var gjaldfært að fullu á árinu 2017.

- 10.354.321 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- 1.113.949 kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar voru 3.554.850 kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017. Greiðsla heildarframlags átti sér stað í upphafi árs 2018.

	Jafnvægis- sjóður	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar- sjóður	Samtals
Gjaldfært á árinu 2017.....	( 3.321.026 )	( 201.334 )	( 32.490 )	( 3.554.850 )
Skuld við Brú Isj. 31.12.2017.....	( 3.321.026 )	( 201.334 )	( 32.490 )	( 3.554.850 )
Uppgjör við Brú lífeyrissjóð.....	3.321.026	10.354.321	1.113.949	14.789.296
Gjaldfært á árinu 2018.....	0	( 345.144 )	( 55.697 )	( 400.841 )
Staða fyrirframgr. 31.12.2018.....	0	9.807.843	1.025.762	10.833.605

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldf., veltufjárn.....	0	345.144	55.697	400.841
Langtímahluti fyrirframgr.....	0	9.462.699	970.065	10.432.764
Samtals í efnahagsreikningi.....	0	9.807.843	1.025.762	10.833.605

### 21. Skammtímakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2018	2017
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	419.430	1.182.461
Töpuð krafa.....	( 171.000 )	0
Niðurfærsla á árinu, breyting.....	222.794	( 763.031 )
Niðurfærsla í árslok .....	471.224	419.430

### 22. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Handbært fé SSV.....	22.977.182	62.937.917
Handbært fé Sóknaráætlunar.....	29.134.533	40.489.614
Handbært fé alls.....	52.111.715	103.427.531



## Skýringar, frh.:

---

### 23. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru óverðtryggðar og bera 5,0% vexti.

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019.....	1.100.400
Árið 2020.....	1.100.400
Árið 2021.....	1.100.400
Síðar.....	362.800
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborgun .....	3.664.000
Næsta árs afborgun .....	( 1.100.400)
Langtímaskuldir .....	<u>2.563.600</u>

Fasteignir félagsins, að bókfærðu virði 22,8 millj. kr. í árslok eru veðsettar til tryggingar langtímaskuldum, sem

### 24. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

### 25. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	2018	2017
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun .....	58.069.464	48.754.965
Hagnaður ársins.....	5.691.089	9.314.499
Eiginfjárreikningur í árslok .....	<u>63.760.553</u>	<u>58.069.464</u>

### 26. Önnur mál

Á árinu 2006 var undirritaður samningur, Vaxtarsamningur Vesturlands 2006 – 2009, á milli lðnaðarráðuneytis, Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu lðnþróunarsjóðs á árinu 2018. Þar sem aðildarsveitarfélög SSV eru ekki öll aðilar að lðnþróunarsjóðnum, er hann ekki tekinn með í ársreikningi samtakanna.

### 27. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi auk lykil stjórnenda samtakanna eru skilgreindir sem tengdir aðilar samtakanna. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Samtökin hafa átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti samtakanna við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.